

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Samband íslenskra sveitarfélaga <samband@samband.is>  
**Sent:** föstudagur, 1. mars 2024 10:52  
**To:** Samband íslenskra sveitarfélaga  
**Subject:** 80 ára afmæli Lýðveldisins - Bréf til sveitarstjórna  
**Attachments:** Kynning á dagskrá í tilefni af 80 ára afmæli Lýðveldisins 2024.pdf

### Lýðveldið Ísland 80 ára

Athygli sveitarstjórna er vakin á því að á árinu fagnar Lýðveldið Ísland áttatfu ára afmæli.

Hátíðahöld í tilefni afmælisins munu ná hámarki 17. júní með hefðbundinni dagskrá í sveitarfélögum en að auki verður sérstök hátíðardagskrá á Þingvöllum þar sem landsmenn eru hvattir til að heimsækja Þjóðgarðinn og skoða sýninguna *Hjarta lands og þjóðar* helgina 15.-16. júní.

Í meðfylgjandi bréfi óskar afmælisnefnd, sem forsætiráðherra skipaði í október sl., eftir samstarfi við sveitarfélög í tengslum við hátíðardagskrána með miðlun og hvatningu til þátttöku eins og best hentar á hverjum stað.

Með kveðju,



**Samband íslenskra sveitarfélaga / Þjónustusvið**  
Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík  
Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903  
[www.samband.is](http://www.samband.is)

---

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.



Til sveitarstjórna landsins

Dagsetning  
Málsnúmer

5. febrúar 2024  
FOR23110245

#### Kynning á dagskrá í tilefni af 80 ára afmæli lýðveldisins 2024

Forsætisráðherra skipaði hinn 4. október sl. nefnd um 80 ára afmæli íslenska lýðveldisins sem vinnur að mótnun hátíðardagskrár af því tilefni sem birt er á vef forsætisráðuneytisins [www.lydveldi.is](http://www.lydveldi.is) og verður í mótnun á afmælisárinu. Í nefndinni eru fulltrúar forsætisráðuneytis, skrifstofu forseta Íslands, menningar- og viðskiptaráðuneytis, Alþingis og Þingvallaþjóðgarðar. Þá gerir nefndin tillögur um hvernig minnst megi 1150 ára afmælis Íslandsbyggðar sé miðað við viðtekið ártal.

Af þessu tilefni gefur forsætisráðuneytið út bókina *Fjallkonan. Þú ert móðir vor kær* með þjóðhátíðarljóðum og greinum um fjallkonuna. Bókin verður gjöf til landsmanna og verður dreift um landið. Þar verður birt úrval þjóðhátíðarljóða ásamt greinum um fjallkonuna með þýðingum.

Hátíðahöldin munu ná hámarki 17. júní með hefðbundinni dagskrá, þegar 80 ár eru liðin frá stofnun lýðveldis á Íslandi, með dagskrá og kórasöng um allt land. Í tilefni þjóðhátíðardagsins verður boðið upp á lýðveldisafmælisökku. Þjóðgarðurinn á Þingvöllum efnir til afmælisdagskrár þar sem landsmenn eru hvattir til að heimsækja Þingvelli þar sem gestum er boðið að skoða sýninguna *Hjarta lands og þjóðar* og helgina 15.–16. júní verður fjölbreytt menningardagskrá á Þingvöllum, í Almannagjá og víðar um þjóðgarðinn. Þann 16. og 17. júní verður hátíð á Hrafnseyri með dagskrá í tilefni lýðveldisafmælisins og 1150 ára afmælis Íslandsbyggðar og verður sjónum beint að landnámsminjum á Hrafnseyri. Þá verður efnt til menningarviðburða um allt land.

Í anda fjallkonunnar, lands og þjóðar, verður leitast við að ná til sem flestra með tveimur viðburðum eða vörðum í dagskrá ársins, annars vegar samsöng kóra landsins undir yfirskriftinni *Sungið með landinu* og hins vegar gönguferðum um náttúru Íslands undir yfirskriftinni *Gengið um þjóðlendur* í öllum fjórðungum landsins:

- Verkefnið *Sungið með landinu* er í undirbúningi í samstarfi við kóra og kórstjóra landsins. Þar verður efnt til söngs kóra landsins þar sem sjónum er beint að þeirri miklu grósku sem einkennir kórustarf þjóðarinnar og þá samkennd sem söngurinn veitir. Nú stendur yfir samkeppni um nýtt kórlag við texta Þórarins Eldjárns, *Ávarp til Fjallkonunnar 2015*. Verkefnisstjóri er Margrét Bóasdóttir, formaður Landssambands blandaðra kóra sem vinnu í samvinnu við samtök kóra og kórstjóra. Velkomið er að óska frekari upplýsinga hjá [margret.boasdottir@gmail.com](mailto:margret.boasdottir@gmail.com),
- Með verkefninu *Gengið um þjóðlendur* er efnt til gönguferða um náttúru landsins í öllu fjórðungum með skipulögðum gönguferðum við sem flestra hæfi. Gengið verður um þjóðlendur og sjónum beint að þeirri þjóðareign sem þjóðlendur landsins eru og fróðleik miðlað þar um. Verkefnið er skipulagt í samstarfi við Ferðafélag Íslands og Útivist.

Með bréfi þessu er óskað eftir samstarfi við sveitarfélög landsins í tengslum við hátíðardagskránnar með miðlun og hvatningu til þátttöku eins og hentar best á hverjum stað. Vonir standa til þess að dagskrá afmælisársins muni höfða til sem flestra og leiða til samveru í gleði, söng og útiveru á 80 ára afmæli lýðveldisins.

Með góðri kveðjur,

f.h. afmælisnefndar

Margrét Hallgrímsdóttir, formaður



Dagsetning 7. febrúar 2024  
Málsnúmer MRN24010023

## Til tónlistarskóla vegna fyrirhugaðrar úttektar

Mennta- og barnamálaráðuneyti hefur nú undanfarið beint sjónum sínum að málefnum tónlistarfræðslunnar. Hafin er ákveðin undirbúningsvinna vegna stefnumörkunar og heildarendurskoðunar á tónlistarfræðslu á öllum skólastigum meðal annars í samræmi við sáttmála um ríkisstjórnarsamstarf og í tengslum við Menntastefnu til 2030.

Sem lið í undirbúningsvinnunni hefur ráðuneytið ákveðið að framkvæma úttekt á starfsemi tónlistarskóla sem viðurkenndir hafa verið samkvæmt 1. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla. Markmið með úttektinni er að safna gögnum sem þannig koma til með að styðja við komandi starf.

Úttektin er þannig mikilvægur hluti af undirbúningi að stefnumótun ráðuneytisins um listmenntun, sem og endurskoðun á aðalnámskrá tónlistarskóla en einnig almennu eftirlitshlutverki þess.

Úttektin felur meðal annars í sér að utanaðkomandi aðili leggur mat á starfsemi tónlistarskóla með hliðsjón af gildandi lögum og aðalnámskrá og könnun þátta svo sem stjórnun, innra starf, aðstaða, samskipti innan skóla og við aðila utan skólans, þjónusta við nemendur og starfsfólk og umbætur í skólastarfi.

Verður það m.a. gert með því að skoða fyrirbyggjandi gögn um starfsemi skóla, útsendum spurningarlistum, heimsóknnum úttektaraðila og viðtölum við nemendur, starfsfólk skóla og foreldra. Úttektirnar eru gerðar í samræmi við aðalnámskrá tónlistarskóla og ákvæði 12. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla. Framkvæmdin er með þeim hætti að sendir verða spurningalistar til allra skólastjórnenda en heimsóttir verða tíu skólar.

Umsjón og ábyrgð á framkvæmd úttektarinnar er í höndum ráðgjafafyrirtækisins Arcur. Gert er ráð fyrir að úttektin fari fram á tímabilinu febrúar til apríl nk. og að fyrstu niðurstöður liggi fyrir í maí 2024. Arcur mun verða í sambandi við skólann fljótlega, m.a. til að upplýsa nánar um fyrirkomulag úttektarinnar og afla gagna. Ábyrgðarmaður af hálfu Arcur er Þröstur Sigurðsson (throstur@arcur.is) en auk hans er Lilja Dögg Gunnarsdóttir (liljad@arcur.is) tengiliður Arcur vegna verkefnisins

Ráðuneytið væntir góðs samstarfs við starfsfólk tónlistarskólans um úttektina og gerir ráð fyrir eftirfylgni hvers skóla og viðbrögðum við ábendingum þeim er úttektin kann að leiða í ljós.

F.h. ráðherra  
Halldóra Dröfn Gunnarsdóttir

F.h. ráðherra  
Óskar Hákur Nielsson

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Sigurður Eyþórsson <sigurdur.eythorsson@mar.is>  
**Sent:** miðvikudagur, 14. febrúar 2024 09:22  
**To:** Ása Þórhildur Þórðardóttir  
**Subject:** Regluverk um búfjárbætur - sjónarmið matvælaráðuneytis  
**Attachments:** Til sveitarfélaga\_MAR\_feb24.pdf

Komið þið sæl

Þessi póstur er sendur til allra sveitarfélaga með afriti til Sambands íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtaka sveitarfélaga, samkvæmt netfangalista sem birtur er á vef Sambandsins.

Talsverð umræða hefur átt sér stað á vettvangi sveitarfélaga og annarra hagaðila um eftirfylgni með gildandi lagaákvæðum um búfjárbætur (einkum sauðfjár). Ráðherra fundaði með fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga í ágústlok 2023 þar sem farið var yfir málið. Fyrirspurnir og erindi um málið hafa þó haldið áfram.

Af því tilefni vill matvælaráðuneytið koma viðhengdri samantekt á framfæri við sveitarfélög til að skýra sjónarmið ráðuneytisins í málinu og benda á nokkur atriði sem þau geti hugsanlega gert til að skýra stöðuna á sínu svæði. Samantektin felur ekki í sér nein fyrirmæli, eingöngu upplýsingar og ábendingar sem vonast er til að komi að gagni.

Ljóst er að þetta efni á ekki við öll sveitarfélög, en þar sem ráðuneytið hefur ekki yfirlit um þá stöðu, eru þessi skilaboð send þeim öllum til upplýsinga, með þeim tilmælum að koma þeim á framfæri innan síns stjórnkerfis, þar sem það á við.

Kveðja



**Sigurður Eyþórsson, sérfræðingur / Special Advisor**  
Skrifstofa landbúnaðar / Department of Agriculture  
Matvælaráðuneyti / Ministry of Food, Agriculture and Fisheries  
Borgartún 26, 105 Reykjavík, Iceland  
Sími / Tel: (+354) 545 9700  
[www.mar.is](http://www.mar.is) - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing



# Minnisblað

## Regluverk um búfjárbætur – sjónarmið matvælaráðuneytis.

Vegna umræðna og fyrirspurna um mál sem tengjast reglum um búfjárbætur (einkum sauðfjár) vill matvælaráðuneytið koma eftirfarandi á framfæri við sveitarfélög.

Ráðherra átti fund með fulltrúum Sambands Íslenskra sveitarfélaga í lok ágúst sl. þar sem þessi mál voru til umræðu en í ljósi endurtekinna fyrirspurna vill ráðuneytið koma ákveðnum sjónarmiðum á framfæri. Ljóst er að þetta efni á ekki við öll sveitarfélög en þar sem ráðuneytið hefur ekki yfirlit um þá stöðu, eru þessi skilaboð send þeim öllum til upplýsinga, með þeim tilmælum að koma þeim á framfæri innan síns stjórnskerfis, þar sem það á við.

Fyrir liggja álit umboðsmanns Alþingis 11167/2021 frá 11. október 2022, úrskurður dómsmálaráðuneytisins frá 11. janúar 2023 og álit innviðaráðuneytisins frá 23. júní 2023 sem varða framkvæmd lagaákvæða um búfjárbætur og ágangsfé. Samband Íslenskra sveitarfélaga hefur jafnframt reifað sín sjónarmið í minnisblaði til sveitarfélaganna 3. febrúar 2023.

Sumarið 2023 hafa bæði landeigendur og sveitarfélög komið því á framfæri við matvælaráðuneytið að framkvæmd lagaákvæða um búfjárbætur og ágangsfé hafi verið vandkvæðum bundin. Sveitarfélög hafa í einhverjum tilfellum ekki smalað ágangsfé á jörðum með vísan til þess að lögin séu óskýr. Lögreglustjórar hafa heldur ekki smalað m.a. í ljósi þess að mál hafi ekki verið fullafgreidd á vettvangi viðkomandi sveitarfélags. Landeigendur telja hins vegar skyldur sveitarfélaganna skýrar og kalla eftir aðgerðum.

Sú hugmynd hefur komið fram að stofna ætti starfshóp hagaðila um efnið þ.e. ráðuneyta, samtaka sveitarfélaga og samtaka bænda. Ráðuneytið telur ólíklegt að slíkur hópur næði sameiginlegri niðurstöðu, m.a. í ljósi þess að aðstæður og fyrirkomulag beitarstjórnunar eru afar mismunandi eftir landshlutum og gefa verður sveitarfélögum og hagaðilum svigrúm til að útfæra lausnir sem henta á hverjum stað. Af þeim sökum mun matvælaráðuneytið að svo stöddu ekki beita sér fyrir því eða gefa út samræmdar leiðbeiningar um túlkun fjallskilalaga eða laga um búfjárbætur, eins og skýrt var tilgreint á fundinum með Sambandi sveitarfélaga í lok ágúst. Ráðuneytið vill þó hvetja sveitarfélög þar sem þessi mál koma til umfjöllunar að taka eftirtalin atriði til skoðunar.

- Að koma á skipulegu samstarfi sveitarfélaga um þessi mál meðal annars til að leita sameiginlegra lausna og deila þekkingu þar sem hún getur haft almennt gildi
- Að fara yfir hvort til séu uppfærðar afréttarskrár í sveitarfélaginu sbr. ákvæði 6. gr. fjallskilalaga, til þess að ótvírætt sé hvaða svæði innan þeirra séu afréttir og hægt sé að beita ákvæðum fjallskilalaga sem til þeirra taka
- Að yfirfara og eftir atvikum endurskoða fjallskilasamþykktir með skipulegum hætti, með það að markmiði að nota örugglega þau verkfæri sem eru í fjallskilalögum

Þó lög um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. séu komin til ára sinna eru reglurnar að mestu leyti skýrar að mati ráðuneytisins og mikilvægt að sveitarfélögin nýti þau verkfæri sem þau hafa samkvæmt lögunum til að skýra réttarástandið, til hagsbóta fyrir landeigendur, bændur og raunar alla íbúa sveitarfélaganna.

Febrúar 2024

## Hulda Kristjánsdóttir

**From:** Óbyggðanefnd <postur@obyggdanefnd.is>  
**Sent:** mánudagur, 12. febrúar 2024 14:48  
**To:** Óbyggðanefnd  
**Subject:** Þjóðlendumál: eyjar og sker  
**Attachments:** Þjóðlendumál - eyjar og sker - tilkynning frá óbyggðanefnd.docx

*Eftirfarandi póstur er í upplýsingarskyni sendur sveitarfélögum sem liggja að sjó:*

Fjármála- og efnahagsráðherra hefur fyrir hönd íslenska ríkisins afhent óbyggðanefnd kröfur um þjóðlendar á svæði 12 sem nefnist „eyjar og sker“ og tekur til landsvæða innan landhelginnar en utan meginlandsins. Um er að ræða sautjándá og síðasta svæðið sem óbyggðanefnd tekur til meðferðar. Hér á eftir fara upplýsingar um kröfugerð íslenska ríkisins og málsmeðferð.

Óbyggðanefnd kallar nú eftir kröfum þeirra sem kunna að eiga öndverðra hagsmuna að gæta. Kröfum skal lýst skriflega í síðasta lagi 15. maí 2024. Að lokinni gagnaöflun og rannsókn á eignarréttarlegri stöðu svæðanna úrskurðar óbyggðanefnd um framkomnar kröfur.

### Kröfur fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkisins um þjóðlendar á svæði 12

Í kröfugerð fjármála- og efnahagsráðherra f.h. íslenska ríkisins er svæði 12 skipt í átta hluta. Í meginatriðum er beitt útilokunaraðferð, þ.e. lýst kröfum sem taka til allra eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga utan meginlandsins en innan landhelginnar sem eru ofansjávar á stórstraumsfjöru, að undanskildum tilteknum eyjum eða hlutum þeirra, sbr. eftirfarandi yfirlit. Þá eru gerðar þjóðlendukröfur til afmarkaðra hluta tveggja eyja. Kröfulýsingarnar í heild eru birtar á vefsíðu óbyggðanefndar: [https://obyggdanefnd.is/til\\_medferdar/](https://obyggdanefnd.is/til_medferdar/)

#### *Eyjar sem eru undanskildar þjóðlendukröfum:*

- A) *Suðurland:* Hluti Heimaeyjar — en gerð er krafa til hluta eyjarinnar, sjá kafla 5.2 í kröfulýsingu fyrir hluta A af svæði 12 (Suðurland).
- B) *Austurland:* Papey.
- C) *Norðurland eystra:* Flatey á Skjálfanda, Hrísey og hluti Grímseyjar — en gerð er krafa til hluta Grímseyjar, sjá kafla 5.2 í kröfulýsingu fyrir hluta C af svæði 12 (Norðurland eystra).
- D) *Norðurland vestra:* Málmey.
- E) *Vestfirðir utan Barðastrandarsýslna:* Æðey og Vigur.
- F) *Breiðafjörður:* Meginland/heimaeyjur eftirfarandi eyja (nákvæmari upplýsingar um eyjarnar eru í kröfulýsingu fyrir hluta F af svæði 12): 1) Flatey. 2) Svefney. 3) Hvallátur. 4) Skáley. 5) Sviðnur. 6) Bjarneyjar. 7) Sauðeyjar. 8) Hergilsey. 9) Skáley. 10) Purkey. 11) Hrapsey. 12) Arney. 13) Rauðseyjar. 14) Rúfseyjar. 15) Akureyjar. 16) Höskuldsey. 17) Saurlátur. 18) Pormóðsey. 19) Elliðaey. 20) Fagurey. 21) Bíldsey. 22) Gvendarey. 23) Ólafsey. 24) Rifgirðingar. 25) Brokey. 26) Öxney.
- G) *Vesturland utan Breiðafjarðar:* Hjörsey.
- H) *Suðvesturland:* Engey og Viðey.

Kröfur fjármála- og efnahagsráðherra taka til allra annarra eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga utan meginlandsins en innan landhelginnar sem eru ofansjávar á stórstraumsfjöru.

### Um málsmeðferð óbyggðanefndar

Meginhlutverk óbyggðanefndar er að rannsaka hvaða svæði eru utan eignarlanda en slík svæði eru að undangenginni rannsókn úrskurðuð þjóðlendar. Einnig úrskurðar nefndin um óbein eignarréttindi innan þjóðlendna.

Óbyggðanefnd hefur skipt landinu í sautján svæði og tekið eitt til meðferðar hverju sinni. Þar af eru sextán svæði á meginlandinu en það sautjándá tekur, sem fyrr segir, til eyja og skerja utan meginlandsins. Málsmeðferð á hverju svæði hefst á því að óbyggðanefnd tilkynnir fjármála- og efnahagsráðherra að nefndin hafi ákveðið að taka svæðið til

meðferðar og veitir honum frest til að lýsa fyrir hönd íslenska ríkisins kröfum um þjóðlendur þar. Þegar kröfur ríkisins liggja fyrir kynnrir óbyggðanefnd þær og skorar á þá sem telja til eignarréttinda eða annarra réttinda á svæði sem ríkið gerir kröfu til að lýsa kröfum sínum innan tiltekins frests. Að liðnum þeim fresti eru heildarkröfur kynntar.

Óbyggðanefnd rannsakar síðan málin, sem felur m.a. í sér umfangsmikla og kerfisbundna gagnaöflun í samvinnu við sérfræðinga á Þjóðskjalasafni Íslands. Leiði rannsókn nefndarinnar í ljós að einhver kunnir að telja til eignarréttinda án þess að hafa lýst kröfu er viðkomandi gefinn kostur á að gerast aðili máls, sbr. 3. mgr. 13. gr. þjóðlendulaga.

Þegar framkomin gögn hafa verið rannsökuð til hlítar úrskurðar óbyggðanefnd um kröfur málsaðila. Ef svæði sem ríkið hefur gert þjóðlendukröfur til reynast samkvæmt rannsókn óbyggðanefndar vera eignarlönd er kröfum ríkisins þar hafnað. Svæði sem reynast utan eignarlanda eru hins vegar úrskurðuð þjóðlendur.

Nánari upplýsingar um málsmeðferð eru á vefsíðu óbyggðanefndar:

- Almennar upplýsingar um málsmeðferð: <https://obyggdanefnd.is/malsmedferd/>
- Upplýsingar um svæði sem eru til meðferðar hverju sinni og ýmislegt sem varðar málsmeðferð þar: [https://obyggdanefnd.is/til\\_medferdar/](https://obyggdanefnd.is/til_medferdar/)

## Staða þjóðlendumála

Eyjar og sker eru sautjándi og síðasta svæðið sem óbyggðanefnd tekur til meðferðar. Einnig stendur yfir málsmeðferð á Austfjörðum.

Úrskurðað hefur verið í málum á fyrri svæðunum fimmtán, sbr. yfirlitskort um stöðu þjóðlendumála, en afmarkaðir hlutar þeirra eru þó til meðferðar nú á grundvelli 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga. Áformað er að úrskurðir í þeim málum og í málum á Austfjörðum verði kveðnir upp vorið eða sumarið 2024. Þá er áætlað að árið 2025 verði úrskurðað í málum sem varða eyjar og sker.

## Frekari upplýsingar

Frekari upplýsingar veita Sigmar Aron Ómarsson, framkvæmdastjóri óbyggðanefndar, og Erna Erlingsdóttir skrifstofustjóri:

- [postur@obyggdanefnd.is](mailto:postur@obyggdanefnd.is)
- sími: 563 7000

### Erna Erlingsdóttir, skrifstofustjóri

Óbyggðanefnd  
Borgartúni 29  
105 Reykjavík  
Sími: 563 7000

[obyggdanefnd.is](https://obyggdanefnd.is) - [Fyrirvari/Disclaimer](#)



## Þjóðlendumál: eyjar og sker

Fjármála- og efnahagsráðherra hefur fyrir hönd íslenska ríkisins afhent óbyggðanefnd kröfur um þjóðlendur á svæði 12 sem nefnist „eyjar og sker“ og tekur til landsvæða innan landhelginnar en utan meginlandsins. Um er að ræða sautjanda og síðasta svæðið sem óbyggðanefnd tekur til meðferðar. Hér á eftir fara upplýsingar um kröfugerð íslenska ríkisins og málsmeðferð.

Óbyggðanefnd kallar nú eftir kröfum þeirra sem kunna að eiga öndverðra hagsmuna að gæta. Kröfum skal lýst skriflega í síðasta lagi 15. maí 2024 fyrir óbyggðanefnd, Borgartúni 29, 105 Reykjavík, postur@obyggdaneftnd.is. Að lokinni gagnaöflun og rannsókn á eignarréttarlegri stöðu svæðanna úrskurðar óbyggðanefnd um framkomnar kröfur.

### Kröfur fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkisins um þjóðlendur á svæði 12

Í kröfugerð fjármála- og efnahagsráðherra f.h. íslenska ríkisins er svæði 12 skipt í átta hluta. Í meginatriðum er beitt útilokunaraðferð, þ.e. lýst kröfum sem taka til allra eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga utan meginlandsins en innan landhelginnar sem eru ofansjávar á stórstraumsfjöru, að undanskildum tilteknum eyjum eða hlutum þeirra, sbr. eftirfarandi yfirlit. Þá eru gerðar þjóðlendukröfur til afmarkaðra hluta tveggja eyja. Kröfulýsingarnar í heild eru birtar á vefsíðu óbyggðanefndar: [https://obyggdaneftnd.is/til\\_medferdar/](https://obyggdaneftnd.is/til_medferdar/)

#### *Eyjar sem eru undanskildar þjóðlendukröfum:*

- A) *Suðurland*: Hluti Heimaeyjar — en gerð er krafa til hluta eyjarinnar, sjá kafla 5.2 í kröfulýsingu fyrir hluta A af svæði 12 (Suðurland).
- B) *Austurland*: Papey.
- C) *Norðurland eystra*: Flatey á Skjálfanda, Hrísey og hluti Grímseyjar — en gerð er krafa til hluta Grímseyjar, sjá kafla 5.2 í kröfulýsingu fyrir hluta C af svæði 12 (Norðurland eystra).
- D) *Norðurland vestra*: Málmeý.
- E) *Vestfirðir utan Barðastrandarsýslna*: Æðey og Vigur.
- F) *Breiðafjörður*: Meginland/heimaeyjur eftirfarandi eyja (nákvæmari upplýsingar um eyjarnar eru í kröfulýsingu fyrir hluta F af svæði 12): 1) Flatey. 2) Svefney. 3) Hvallátur. 4) Skáley. 5) Sviðnur. 6) Bjarneyjar. 7) Sauðeyjar. 8) Hergilsey. 9) Skáley. 10) Purkey. 11) Hrappsey. 12) Arney. 13) Rauðseyjar. 14) Rúfseyjar. 15) Akureyjar. 16) Höskuldsey. 17) Saurlátur. 18) Pormóðsey. 19) Elliðaey. 20) Fagurey. 21) Bíldsey. 22) Gvendarey. 23) Ólafsey. 24) Rifgirðingar. 25) Brokey. 26) Öxney.
- G) *Vesturland utan Breiðaffarðar*: Hjörsey.
- H) *Suðvesturland*: Engey og Viðey.

Kröfur fjármála- og efnahagsráðherra taka til allra annarra eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga utan meginlandsins en innan landhelginnar sem eru ofansjávar á stórstraumsfjöru.



## Um málsmeðferð óbyggðanefndar

Meginhlutverk óbyggðanefndar er að rannsaka hvaða svæði eru utan eignarlanda en slík svæði eru að undangenginni rannsókn úrskurðuð þjóðlendur. Einnig úrskurðar nefndin um óbein eignarréttindi innan þjóðlendna.

Óbyggðanefnd hefur skipt landinu í sautján svæði og tekið eitt til meðferðar hverju sinni. Þar af eru sextán svæði á meginlandinu en það sautjanda tekur, sem fyrir segir, til eyja og skerja utan meginlandsins. Málsmeðferð á hverju svæði hefst á því að óbyggðanefnd tilkynnir fjármála- og efnahagsráðherra að nefndin hafi ákveðið að taka svæðið til meðferðar og veitir honum frest til að lýsa fyrir hönd íslenska ríkisins kröfum um þjóðlendur þar. Þegar kröfur ríkisins liggja fyrir kynnir óbyggðanefnd þær og skorar á þá sem telja til eignarréttinda eða annarra réttinda á svæði sem ríkið gerir kröfu til að lýsa kröfum sínum innan tiltekins frests. Að liðnum þeim fresti eru heildarkröfur kynntar.

Óbyggðanefnd rannsakar síðan málin, sem felur m.a. í sér umfangsmikla og kerfisbundna gagnaöflun í samvinnu við sérfræðinga á Þjóðskjalasafni Íslands. Leiði rannsókn nefndarinnar í ljós að einhver kunnir að telja til eignarréttinda án þess að hafa lýst kröfu er viðkomandi gefinn kostur á að gerast aðili máls, sbr. 3. mgr. 13. gr. þjóðlendulaga.

Þegar framkomin gögn hafa verið rannsökuð til hlítar úrskurðar óbyggðanefnd um kröfur málsaðila. Ef svæði sem ríkið hefur gert þjóðlendukröfur til reynast samkvæmt rannsókn óbyggðanefndar vera eignarlönd er kröfum ríkisins þar hafnað. Svæði sem reynast utan eignarlanda eru hins vegar úrskurðuð þjóðlendur.

Nánari upplýsingar um málsmeðferð eru á vefsíðu óbyggðanefndar:

- Almennar upplýsingar um málsmeðferð: <https://obyggdanefnd.is/malsmedferd/>
- Upplýsingar um svæði sem eru til meðferðar hverju sinni og ýmislegt sem varðar málsmeðferð þar: [https://obyggdanefnd.is/til\\_medferdar/](https://obyggdanefnd.is/til_medferdar/)

## Staða þjóðlendumála

Eyjar og sker eru sautjanda og síðasta svæðið sem óbyggðanefnd tekur til meðferðar. Einnig stendur yfir málsmeðferð á Austfjörðum.

Úrskurðað hefur verið í málum á fyrri svæðunum fimmtán, sbr. yfirlitskort um stöðu þjóðlendumála, en afmarkaðir hlutar þeirra eru þó til meðferðar nú á grundvelli 1. másl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga. Áformað er að úrskurðir í þeim málum og í málum á Austfjörðum verði kveðnir upp vorið eða sumarið 2024. Þá er áætlað að árið 2025 verði úrskurðað í málum sem varða eyjar og sker.

## Frekari upplýsingar

Frekari upplýsingar veita Sigmar Aron Ómarsson, framkvæmdastjóri óbyggðanefndar, og Erna Erlingsdóttir skrifstofustjóri:

- [postur@obyggdanefnd.is](mailto:postur@obyggdanefnd.is)
- sími: 563 7000

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Gustav Magnús Ásbjörnsson - LAND  
<gustav.magnus.asbjornsson@landogskogur.is>  
**Sent:** þriðjudagur, 27. febrúar 2024 14:52  
**Subject:** Endurskoðun stuðningskerfa í skógrækt og landgræðslu – Ósk um ábendingar og tillögur

Góðan daginn!

Matvælaráðuneytið hefur falið Landi og skógi að hefja endurskoðun á núverandi fyrirkomulagi stuðningskerfa í landgræðslu og skógrækt. **Tilgangur þessa erindis nú er að kalla eftir ábendingum sem nýst geta við vinnuna við að móta tillögur að endurskoðuðu stuðningskerfi, en markmiðið er að til verði tillaga að heildstæðu stuðningskerfi málaflokksins innan stofnunarinnar sem jafnframt styður við stefnu stjórnvalda á sviði loftslagsmála, verndunarlíffræðilegrar fjölbreytni og byggðamála.**

Stuðningskerfin sem um ræðir eiga að efla þátttöku einstaklinga, félagasamtaka, fyrirtækja og stofnana í landgræðslu og skógrækt, meðal annars í samræmi við opinberar stefnur í umhverfismálum, loftslagsmálum, landbúnaði og atvinnumálum.

Landi og skógi er ætlað að skila tillögum um breytingar til ráðuneytisins í lok apríl 2024. Í framhaldinu er gert ráð fyrir að settar verði reglugerðir í samræmi við 8. gr. laga um landgræðslu nr. 155/2018 og 7. gr. laga um skóga og skógrækt nr. 33/2019 ásamt því að reglugerð um landshlutaverkefni í skógrækt nr. 285/2015 verði endurskoðuð, sbr. IV. kafla laga um skóga og skógrækt.

Tillögurnar geta falið í sér endurskoðun að hluta eða öllu leyti á núverandi verkefnum og jafnvel leitt af sér ný verkefni sem snúa að nýtingu lands. Lögð er áhersla á að verkefni samræmist skipulagi sveitarfélaga og horft sé til vistfræðilegra, efnahagslegra og félagslegra sjónarmiða. Þá geta ábendingar og tillögur einnig snúið að framkvæmd verkefna, til dæmis stafrænu viðmóti, umsóknarferli, eftirliti og aðgengi að upplýsingum. Eftirfarandi er yfirlit yfir þau verkefni sem nú þegar eru starfrækt og fela í sér stuðning við umráðahafa lands:

- **Skógrækt á lögbýlum** er lögbundið verkefni og með skilgreinda heimild í fjárlögum. Það er jafnframt stærsta stuðningsverkefni Lands og skógar með tæplega 700 samningsbundin býli. Styrkhlutfall er allt að 97% af skilgreindum kostnaði. Árlega eru gróðursettar um þrjár milljónir plantna í verkefninu, sem jafngildir því að flatarmál skóglendis aukist um það bil um 1.500 hektara á ári.
- **Bændur græða landið** er með um 500 þátttakendur og hófst árið 1990. Þar er unnið að landgræðslu heimalanda. Styrkhlutfall er metið ríflega 50% af heildarkostnaði. Árlega er unnið með beinum hætti á um 4.000 hekturum lands, fyrst og fremst með styrkingu staðargróðurs.
- **Landbótasjóður** var settur á laggirnar árið 2003 og styrkir umráðahafa lands til verndunar og endurheimtar vistkerfa auk þess að stöðva hnignun vegna jarðvegsrofs og gróðureyðingar. Sjóðurinn styrkir fyrst og fremst stærri verkefni. Á síðustu árum hafa um 90 verkefni verið styrkt og unnið var á tæplega 4.000 hekturum. Styrkhlutfall er á bilinu 60%-85%. Hæsta hlutfallið fæst þegar unnið er á friðuðu landi og verkefnið felur í sér fræðslu eða hefur samfélagsleg áhrif.
- **Endurheimt votlendis felur** í sér stuðning til umráðhafa lands við endurheimt votlendis. Styrkir geta numið öllum útlögðum kostnaði við framkvæmd en einnig falist í ráðgjöf og skipulagningu sé um samstarfsverkefni að ræða. Verkefnið hófst formlega árið 2017 og síðan hafa tæplega 900 hektarar verið endurheimtir í 44 verkefnum.
- **Varnir gegn landbroti** er lögbundið verkefni og með skilgreinda fjárheimild í fjárlögum. Að jafnaði eru 20 til 25 verkefni unnin árlega. Þar af eru um 40% þeirra framkvæmd af einkaaðilum sem hlotið hafa styrk. Önnur verkefni felast í viðhaldi varnargarða og bakkavarna á landi í eigu ríkisins.
- **Bonn – Endurheimt birkivistkerfa** hefur verið í gangi frá því að ríkið lýsti yfir þátttöku í Bonn-áskoruninni haustið 2021. Markmið verkefnisins er að leggja grunn að endurheimt birkivistkerfa á 3,5% af flatarmáli Íslands. Þátttökunálgun er lítt mótuð í verkefninu en landeigendur á skilgreindum svæðum hafa átt kost á stuðningi í formi trjáplantna.

Einnig leitar Land og skógur eftir viðhorfi sveitarfélaga til verkefna þar sem áætlað er að gróðursetja birkiplöntur vegna Bonn-áskorunarinnar. Ef unnið verður að verkefnum í þínu sveitarfélagi, óskar sveitarfélagið þá eftir umsókn um framkvæmdarleyfi, breytingu á aðalskipulagi eða annars konar tilkynningu sem verkefnið snertir? Gilda stærðarmörk um verkefni við endurheimt birkivistkerfa í þínu sveitarfélagi eða ákvæði um hvenær þau teljast tilkynningarskyld og/eða leyfisskyld?

Tillögur og ábendingar óskast sendar á [gustav.magnus.asbjornsson@landogskogur.is](mailto:gustav.magnus.asbjornsson@landogskogur.is) fyrir 29. mars næstkomandi.


Nánari upplýsingar og aðstoð veita:

Hrefna Jóhannesdóttir, sviðstjóri ræktunar og nytja - [Hrefna.Johannesdottir@landogskogur.is](mailto:Hrefna.Johannesdottir@landogskogur.is)

Gústav Magnús Ásbjörnsson, sviðstjóri endurheimtar vistkerfa - [gustav.magnus.asbjornsson@landogskogur.is](mailto:gustav.magnus.asbjornsson@landogskogur.is)

Kær kveðja f.h. Lands og skógar,

Gústav



### **Gústav Magnús Ásbjörnsson**

Sviðsstjóri endurheimtar vistkerfa/Head of dep. Ecological restoration

Land og skógur / Land and Forest Iceland

Gunnarsholt, 851 Hella - Iceland

[gustav.magnus.asbjornsson@landogskogur.is](mailto:gustav.magnus.asbjornsson@landogskogur.is) - landogskogur.is

Sími / Tel (+354) 863-0127

Land og skógur er þekkingarstofnun á sviði gróður- og jarðvegsauðlinda og gegnir mikilvægu hlutverki við að bæta þessar auðlindir Íslands og stuðla að sjálfbærri nýtingu þeirra. Land og skógur sinnir vernd og endurheimt vistkerfa og ræktun skóga.

# Fjölögum íbúðum


## Stofnframlögum verið úthlutað til 3.486 almennra íbúða

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun úthlutar stofnframlögum til samfélagssinnaðra leigusala til að byggja eða kaupa almennar íbúðir.

Markmiðið stofnframlaganna er að bæta húsnæðisöryggi tekju- og eignamínni heimila með því að fjölga leiguíbúðum með viðráðanlegum húsnæðiskostnaði. Húsnæðiskostnaður á að vera í samræmi við greiðslugetu heimilanna og að jafnaði ekki umfram fjórðung tekna.

Almennar íbúðakerfið var sett á stofn árið 2016 og hefur nú þegar rúmlega 24 milljörðum króna verið úthlutað af HMS til byggingar og kaupa á 3.486 íbúðum víðsvegar um landið. Heildarfjárfesting í uppbyggingunni nemur um 125 milljarðar króna.

Fjölögum íbúða með stofnframlögum eftir landshlutum



## Opið fyrir umsóknir um stofnframlög

Auglýst er eftir umsóknum um stofnframlög til byggingar eða kaupa á almennum íbúðum skv. lögum nr. 52/2016 og reglugerð nr. 183/2020.

Markmið laga um almennar íbúðir er að bæta húsnæðisöryggi þeirra sem eru undir tekju- og eignamörkum við upphaf leigu. Stofnframlög eru veitt til byggingar og kaupa á almennum íbúðum.

Vá mat á umsókn um er lögð sérstök áhersla á eftirfarandi þætti:

- Nýbyggingar og fjölögum leiguíbúða.
- Íbúðir á svæðum þar sem þörf er fyrir leiguíbúðir fyrir leigjendur undir tekju- og eignamörkum.

Auk þess verður lögð áhersla á:

- Hagkvæmar íbúðir hvað stærð og herbergjafjölda varðar.
- Hagkvæmar aðferðir við íbúðabyggingar í því skyni að lækka byggingarkostnað.

- Íbúðir sem uppfylla mismunandi þarfir ólíkra hópa á hverju svæði.
- Að stuðla að fjölbreyttri samsetningu íbúa og félagslegrri blöndun.

Umsóknarfrestur til og með 18. mars 2024

Sótt er um í stofnframlagakerfi HMS á heimasíðu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Innskráning byggir á auðkenninga þjónustu island.is og umboðsmannakerfi þess.

Til þess að hægt sé að meta umsókn þurfa öll gögn skv. 14. gr. reglugerðar nr. 183/2020 að skila sér innan umsóknarfrests.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, [www.hms.is](http://www.hms.is) Fyrirspegnir beinast á [stofnframlag@hms.is](mailto:stofnframlag@hms.is)

Tilnefning til Landstólþans 2024:

## FabLab smiðjan á Selfossi

### Rökstuðningur:

FabLab smiðjan á Selfossi hefur verið starfrækt frá árinu 2018 og hefur vaxið og dafnað með miklum hraði síðan þá. Í dag er smiðjan að þjónusta rúmlega 3000 notendur árlega, allt frá nemendum í grunn- og fjölbrautskólaskólum sem stunda þar nám, til frumkvöðla, fyrirtækja og félagasamtaka sem koma þar til þess að þróa hugmyndir og verkefni.

Smiðjan er staðsett í sama húsnæði og allar helstu iðn- og verkgreinar sem kenndar eru í Fjölbrautaskóla Suðurlands/FSu sem hefur aukið samstarf þvert á greinar og sem og áhuga nemenda á hönnun og þróun verkefna með þeim tækjum og tólum sem smiðjan býr yfir.

Þátttaka grunnskólanemenda hefur vakið áhuga þeirra á námi í verk- og tæknigreinum ásamt hönnun og öðrum listgreinum og eru þess skýr merki þegar kemur að aðsókn í FSu. Smiðjan hefur jafnframt verið úrræði fyrir þá nemendur sem verr þrífast í bóklegu námi en blómstra um leið og þeir fá tækifæri til þess að leysa verkefni á verklegan hátt, skapa og hanna, og koma hugmyndum sínum í efnislegt form. Auk þess hefur FabLab Selfoss lagt mikla áherslu á kennslu til handa kennurum sem fylgja nemendum í smiðjuna og haldið mýmörg námskeið í því skini.

Smiðjan hefur frá upphafi staðið fyrir vikulegu opnu húsi þar sem almenningur getur mætt og fengið aðstoð við að útfæra hugmyndir sínar, auk þess sem frumkvöðlar og aðrir í þróun nýta sér að geta pantað tíma hjá smiðjustjóra til þess að eiga samtali um útfærslur og leiðir við prótótýpugerð. Áhugavert og ánægjulegt er einnig að margir af þeim nemendum sem koma með sínum grunnskóla í smiðjuna, koma einnig á opin hús og þá með foreldrum sínum. Smiðjan nær því að búa til samverustundir meðal fjölskyldna þar sem hún sameinast í allskyns skapandi verkefnum og útfærslum á þeim. FabLab smiðjan hefur að auki haldið námskeið/FABLAB smiðju fyrir einstaklinga í starfsendurhæfingu í samstarfi við Fræðslunet Suðurlands og Birtu starfsendurhæfingu.

FabLab Selfoss hefur jafnframt staðið fyrir kennslu fyrir almenning á helstu forrit og tækni sem smiðjan býður uppá með það fyrir augum að valdefla notendur inni í smiðjunni og gera þá færa um notkun þess búnaðar sem þar er í boði.

FabLab Selfoss er, líkt og aðrar FabLab smiðjur, notendum að kostnaðarlausu þar sem einungis er greitt fyrir það efni sem notandi þarf.

Það er augljóst að smiðjan hefur náð að sameina unga sem aldna, byrjendur og lengra komna í að hugsa og útfæra allskyns hugmyndir og verkefni, gert þá óhræddari við tækni, tækni og tól, og almennt vakið upp áhuga og gleði.

### **Eftirfarandi sex aðilar skrifa undir tilnefninguna:**

Birta Starfsendurhæfing á Suðurlandi

Fræðslunet Suðurlands

Háskólafélag Suðurlands

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Sveitarfélagið Árborg

Sveitarfélagið Flóahreppur

Atriði sem horft er til þegar verið er að meta umsókn:

- Stuðlað að jákvæðri og sterkri ímynd landsbyggðanna eða tiltekins svæðis
- Vakið athygli og aukið umfjöllun um ákveðið svæði eða málefni innan landsbyggðanna
- Styrkt nærumhverfið, ýmist með aukinni samstöðu íbúa, atvinnutækifærum, aukinni afþreyingu, menningu, þjónustu, verðmætasköpun eða tækifærum af öðru tagi
- Aukið virkni íbúa og fengið þá til beinnar þátttöku í verkefninu
- Stuðlað að jákvæðum áhrifum efnahags-, samfélags- og/eða umhverfislegra þátta

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Ingibjörg Hinriksdóttir <ingibjorg.hinriksdottir@samband.is>  
**Sent:** miðvikudagur, 7. febrúar 2024 14:59  
**To:** Ingibjörg Hinriksdóttir  
**Subject:** Er íslensk orka til heimabruks? Málþing 15. mars 2024

Góðan dag

Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum boða til málþings um stöðuna í orkumálum undir yfirskriftinni **Er íslensk orka til heimabruks? – Staðan í orkumálum með áherslu á íbúa og sveitarfélög.**

Málþingið fer fram á Grand hóteli í Reykjavík, föstudaginn 15. mars, kl. 08:30-11:30.

Dagsetningin er valin með tilliti til þess að hún er daginn eftir landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga, 14. mars.

Dagskrá er í undirbúningi og verður send út þegar nær dregur.



**Ingibjörg Hinriksdóttir**  
tækni- og upplýsingafulltrúi / þjónustusvið / SSKS  
Beint innval: 515 4940  
Netfang: [ingibjorg.hinriksdottir@samband.is](mailto:ingibjorg.hinriksdottir@samband.is)

**Samband íslenskra sveitarfélaga**  
Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík  
Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903  
[www.samband.is](http://www.samband.is)

---

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.

Til allra sveitarstjórna

## FUNDARBOÐ

Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. verður haldinn fimmtudaginn 14. mars 2024 kl. 16:30 í Silfurberg, Hörpunni, Reykjavík.

Í samræmi við samþykktir Lánasjóðsins verður jafnframt boðið upp á fullgilda rafræna þátttöku á fundinum í gegnum Teams, en auk þess fer atkvæðagreiðsla á fundinum fram með rafrænum hætti. Aðilar þurfa að hafa meðferðis farsíma eða tölvu til að taka þátt í atkvæðagreiðslu.

Mikilvægt er að fundarmenn skrái sig fyrir fram á fundinn. Skráning á fundinn fer fram á heimasíðu sjóðsins [www.lanasjodur.is](http://www.lanasjodur.is).


Vakin er athygli á því að allir sveitarstjórnarfulltrúar eiga rétt á að sækja aðalfundinn svo og fulltrúar fjölmíðla skv. hlutafélagalögum (nr. 2/1995). Sveitarstjóri er sjálfkrafa handhafi atkvæðisréttar sveitarfélagsins.

### Dagskrá aðalfundar

1. Setning fundar, kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar.
3. Ársreikningur 2023 lagður fram til afgreiðslu.
4. Ákvörðun um greiðslu arðs.
5. Tillögur um breytingar á samþykktum Lánasjóðsins.
6. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu.
7. Kosning stjórnar skv. 15. gr. samþykktanna.
8. Kosning tilnefningarnefndar.
9. Kosning utanaðkomandi fulltrúa í endurskoðunarnefnd.
10. Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis.
11. Ákvörðun um þóknun til stjórnar – og nefndarmanna fyrir störf þeirra.
12. Önnur mál.

Ársreikningur fyrir árið 2023 ásamt tillögum til aðalfundar og tillögu kjörnefndar verða aðgengilegar á heimasíðu Lánasjóðsins [www.lanasjodur.is](http://www.lanasjodur.is).

Virðingarfyllt  
LÁNASJÓÐUR SVEITARFÉLAGA OHF.




Óttar Guðjónsson  
framkvæmdastjóri



**Hulda Kristjánsdóttir**

---

**From:** Stóri Plokkdagurinn verður 28. apríl 2024 <plokk@plokk.is>  
**Sent:** fimmtudagur, 22. febrúar 2024 14:55  
**To:** Sveitarstjóri Flóahrepps  
**Subject:** Stóri Plokkdagurinn verður haldin 28. apríl 2024



**STÓRI  
PLOKK  
DAGURINN**  
**#PLOKK**

**Til sveitarfélaga, fyrirtækja og opinberra  
stofnana.**



**Stóri plokkgaturinn verður haldinn með pompi og prakt um allt land sunnudaginn 28. apríl næstkomandi.**



**Það er Rótarýhreyfingin á Íslandi sem skipuleggur daginn með aðstoð og atfylgi góðra bakhjarla. Markmið Rótarýhreyfingarinnar er að dagurinn sé ætlaður öllum sem vilja skipuleggja hreinsunaráttak á þeim degi, eða eftir atvikum öðrum degi á svipuðum tíma. Þannig er öllum heimilt að nota merki dagsins og myndefni tengt honum til kynningar á verkefnum tengdum plokki og umhverfishreinsun.**

**Á næstu vikum birtist uppfært efni á síðunni [www.plokk.is](http://www.plokk.is) og þá verða bakhjarlar Stóra plokkgatsins og samstarfið kynnt betur.**

**Allir mega stofna viðburði á Stóra Plokkgatinn á samfélagsmiðlum, tengja þá við Plokk á Íslandi, fá merkingar frá Plokk á Íslandi.**

**Sveitafélög landsins auglýsa sína viðburði og hvernig hægt er að bera sig að með frágang, flokkun eða urðun á hverjum stað fyrir sig.**





## HVERNIG SKIPULEGG ÉG PLOKK VIÐBURÐ?

Ef við fylgjum þessu leiðbeiningum þá eiga allir að finna sig vel í þessu þrátt fyrir að hafa aldrei gert þetta áður. Öll hvatning og miðlun á samfélagsmiðlum er ekki mont heldur þvert á móti hvatning til annarra að láta sitt ekki eftir liggja.

### HVERNIG?

- Velur svæði sem þú vilt elska. Stofnar viðburð í eigin nafni og skýrir hann "PLOKK-eitthvað" deilir honum inn á Plokk á Íslandi á Facebook til að lokka til þín fleiri plokkara. Deildu viðburðinum á bæjar síðuna þína eða hverfa síðuna eða hvoru tveggja. Muna að taka myndir á viðburðinum og vera dugleg að deila á samfélagsmiðla og merkja #plokk #plokk2024
- Þau ykkar sem eruð dugleg á Instagram og Facebook getið farið í valmynd og farið í GIF og skrifað PLOKK þá koma upp GIF merki fyrir Stóra plokkdaginn sem gaman er að setja inn á myndirnar um leið og við merkjum með myllumerkjnum#.

### HVAÐ ÞARF ÉG?

- Glæra plastpoka - best er að hafa tvo poka, setja plastið í einn og allt annað í hinn.
- Snæri eða bensli til að loka plastpokunum svo ekkert fjúki úr þeim þegar búið er að fylla þá.
- Plokktangir eru ágætari, ekki nauðsynlegar. Því ódýrari, því betri, segi ég af reynslu. Því þær sem eru dýrari eru efnismeiri og þá þyngri.

### **HVERNIG ERUM VIÐ ÚTBÚIN:**

- Klæðum okkur eftir aðstæðum. Hanskar eru ákjósanlegir. Öryggisvesti eru ákjósanleg en skilda ef við erum að plokka meðfram vegum eða við götur.

### **HVERNIG VELJUM VIÐ STAÐ?**

- Það er ekki ákjósanlegt að vera í kringum stór umferðarmannvirki eins og meðfram Reykjanesbrautinni og stóru umferðaræðunum í borginni nema fólk sé sérstaklega útbúið m.a. í endurskinsvestum osfrv. Og þetta eru ekki staðir fyrir börn.
- Í kringum þjónustukjarna er alltaf mikið plast og umbúðarusl. Þjónustukjarnarnir eru þar sem dagvöruverslanir, skyndibitastaðir, kaffihús, bensínstöðvar og ísbúðir er að finna. Það er iðulega mikið rusl sem fýkur frá ruslatunnum og ruslagámum við þessi svæði.
- Þá eru öruggustu svæðin líklega svæði í kringum íþróttavelli, skólalóðir og opin svæði. Girðingar í kringum þau taka oft drjúgt til sín.
- En við plokkum allstaðar þar sem þarf að plokka

### **FRÁGANGUR Á PLOKKI**

- Bindum vel fyrir pokana og skorðum þá þannig að ekki fjúki upp úr þeim og þeir fjúki ekki sjálfir.
- Förum með á þjónustustöðvar Sorpu eða annað þar sem þið vitið að tekið er á móti plokki, hvort sem það er skipulagt af Rótarý, sveitarfélaginu ykkar eða af öðrum flottum einstaklingum eða hópum.

### **SORPA Á PLOKKDAGINN:**

- Endurvinnslustöðvar Sorpu taka fagnandi á móti öllum plokkurum. Það er opið til klukkan 16:00 á sjálfan Plokkdaginn.
- Lokað er 1. maí en opnar aftur 2. maí. Þau hvetja okkur til að setja plastið í sérpoka. Þannig getum við sameinast um að endurvinna plastið.
- Sveitarfélög, fyrirtæki og félagasamtök sem styðja almenna plokkara með því að leggja til söfnunarsvæði og/eða gáma mega koma með afraksturinn til Sorpu án þess að borga urðunargjald. Gámarnir þurfa að vera vel merktir PLOKK og í þeim má bara vera rusl í glærum pokum. Virðum þessar reglur og þá gengur aflestingin vel.

### **HVERS GET ÉG VÆNST AF SVEITARFÉLAGINU MÍNU?**

- Sveitarfélög geta oft leiðbeint með svæði þar sem gott væri að plokka.
- Sveitarfélög hafa oft getað skaffað glæra poka og jafnvel plokktangir .
- Ef þú ert að skipuleggja stórt plokkverkefni hafa sveitarfélög oft komið með opna gáma til að setja plokkið í. Þar sem því er ekki komið við hafa sveitarfélög oft sótt afrakstur til plokkara hvort heldur sem það eru 3 eða 30 pokar.



### **Stóri Plokkdagurinn 28. apríl, vertu með!**

Rúmlega sjöþúsund og áttahundruð manns tilheyra samfélaginu Plokk á Íslandi á facebook og þessi hópur er kominn á fullt í að plokkja í sínu nær umhverfi. Eftir vindasaman vetur er plast og rusl útum allt í kringum þéttbýli og áriðandi að það komist úr umhverfinu áður en það hverfur á haf út eða grefst í náttúruna.

Flestir sem tilheyra Plokk síðunni plokkja nánast allt árið um kring en Plokk á Íslandi skipuleggur Stóra-plokkdaginn einu sinni á ári. Hann er hugsaður sem upphaf plokk tímabilsins, vitundarvakning og hvatning. Tímasetningin hentar vel því þá er vorið komið, snjór horfin úr byggð og plast og pappírs rusl býður eftir því að verða bjargað og sent á viðeigandi stofnun.

Langflest sveitarfélög landsins taka þátt og Plokk á Íslandi er með sjálfbæði um allt land sem eftir fremsta megni að stýra og styðja þá sem vilja taka þátt en fegurðin í plokkinu fellst einna helst í því hversu einfalt og sjálfbært það er í raun og veru að taka þátt. Því fylgir góð og heilbrigð hreyfing, útivera og félagskapur.

Plokk á Íslandi hvetur fyrirtæki, stofnanir, félagasamtök og einstaklinga að láta plokkja sig varða, taka þátt og hvetja aðra til þátttöku.

Allir mega stofna viðburði á Stóra Plokkdaginn á samfélagsmiðlum, tengja þá við Plokk á Íslandi, fá merkingar frá Plokk á Íslandi. Hægt er að nálgast merki Plokk dagsins á plokk.is og er öllum heimilt að nota það sér að kostnaðarlausu. Sveitafélög landsins auglýsa sína viðburði og hvernig hægt er að bera sig að með frágang, flokkun eða urðun á hverjum stað fyrir sig.

Á facebook svæðinu Plokk á Íslandi má gjarnan deila sigrum okkar á ruslinu með jákvæðum fréttum af árangri baráttunnar allt árið um kring. Vertu með á stóra plokk deginum 28. apríl nk

Einar Bárðarson, 618 9000

Plokk á Íslandi


Allar myndir: Mummi Lú



Höfundarréttur © 2024 Plokk / Rótarý hreyfingin á Íslandi / Allur réttur áskilinn

Want to change how you receive these emails?

You can [update your preferences](#) or [unsubscribe from this list](#).

**RARIK ehf.**

Daníel Leó Ólason, deildarstjóri

Larsenstræti 4

800 SELFOSS

danola@rarik.is

Tengiliður: Rúnar Freyr Ragnarsson, áætlanagerð

runrag@rarik.is

S.: 8405469

**Leyfisveiting vegna leiðslu og vinnu á vegsvæði Hringvegar (1-d2), Oddgeirshólavegi (304-01) og Ármótavegi (3040-01).**

Vegagerðin hefur mótttekið umsókn vegna leiðslu á vegsvæði Vegagerðarinnar í Flóahrepp þar sem óskað er eftir leyfi fyrir strenglögnd undir/meðfram vegi, sjá meðfylgjandi gögn þ.e. umsókn og yfirlitsmynd.

Síða 1/3


**Framkvæmd**

Um er að ræða að leggja strenglögnd meðfram sbr. mynd 1:

- Hringvegi (1-d2) frá stöð 6800 að stöð 8640
- Oddgeirshólaveg (304-01) frá stöð 20 að stöð 4780 og frá 7060 að stöð 11260
- Ármótavegi (3040-01) frá 0 að stöð 620

Þverað verður með strenglögndina undir, sbr. mynd 1:

- Bollastaðaveg (3124-01) í stöð 15,
- Oddgeirshólaveg (304-01) í stöð 215 og stöð 11260
- Hraungerðiskirkjuvegur (3144-01) í stöð 15,
- Stóru-Reykjaveg (3147-01) í stöð 15,
- Austurkotsvegur (3149-01) í stöð 15,
- Ármótavegi (3040-01) í stöð 15
- Hallandaveg í stöð 15 (3156-01).



Mynd 1. Rauð lína sýnir staðsetningu lagna og pílnar sýna hvar vegir eru þveraðir (skjáskot fylgdi með umsókn-RMJ).

Vegagerðin  
Suðurhraun 3  
210 Garðabær  
+354 522 1000  
vegagerdin.is

vegagerdin  
@vegagerdin.is

## Heimild Vegagerðarinnar

Vegagerðin heimilar legu lagnarinnar í samræmi við umsókn dags 14. 02. 2024 með eftirfarandi skilyrðum:

- Lögnina skal hvergi leggja nær vegi en í a.m.k. 6 m fjarlægð frá vegöxl, þó ætíð utan við fláafót. Öll tengivirki ofanjarðar skulu vera í a.m.k. 15 m fjarlægð frá tengivegum og 30 m frá stofnvegum.
- Þar sem þvera þarf vegi skal alltaf bora undir veg. Lögnin vera a.m.k. 0,7 m undir yfirborði vegar og bora eða reka skal undir vegi. Að gefnu tilefni er tekið fram að EKKI er gefið leyfi fyrir því að grafa í sundur vegtengingar hvort heldur sem er með bundnu slitlagi eða mól.
- Verkkaupi og eða verktaki skulu hafa starfsmenn sem hafa gilt námskeið í merkingu vinnusvæða.
- Af gefnu tilefni skal bent á það að áður en undirbúningur verks, aðflutningur tækja á athafnasvæði og vinna hefst skal vera búið að merkja athafnasvæðið. Skal sú merking vera eftir því merkjaplani er liggur til grundvallar heimildar sem lagnareigandi fékk til framkvæmdar á vegsvæði. Jafnframt skal á það bent að aðföng til verksins skal ekki lagera innan öryggissvæðis vegarins án leyfis Vegagerðarinnar og merkingaráætlun skal þá skilað.
- Þeir sem vinna á eða við veg skulu vera með öryggisbúnað/fatnað í samræmi við kröfur og reglur, en mjög óhrein vinnufatnaður er ófullnægjandi.

Síða 2/3

Vegagerðin minnr á að verktaki skal gera viðhlítandi öryggisráðstafanir á vinnustað í samræmi við reglur Vinnueftirlits ríkisins og reglugerðir s.s. lög nr. 46/1980 og 547/1996.

Um leiðsluna gilda „Reglur um leiðslur á vegsvæði“ sbr. bls. 2 á umsóknarblaði með þeim skilyrðum sem þar koma fram og með eftirfarandi öðrum skilyrðum:

- Vegsnið og umhverfi vegarins skal halda sér. Skila skal vegsvæðinu í jafngóðu ástandi og það var í áður, þar með talið vegyfirborði, vegöxlum, vegfláum og vegrásum sem og öðru innan vegsvæðis. Gerð er krafa um að lagnaeigandi, beri ábyrgð á verkinu í tvö ár. Komi fram sig eða skemmdir á vegyfirborði láti lagnaeigandi lagfæra það á sinn kostnað.
- Merkingar skulu vera í samræmi við reglur Vegagerðarinnar og skal haft samráð við Vegagerðina varðandi merkingar. Skila skal inn merkjaplani til Vegagerðarinnar áður en verk hefst. Lagfæra skal merkingar innan 2 klst. eftir að kvörtun kemur frá Vegagerðinni eða lögreglu um að merkingar séu ekki í lagi. Vegagerðin getur stöðvað vinnu ef að merkingar eru ófullnægjandi eða hættulegar aðstæður skapast. Vegagerðin getur beitt févítum í samræmi við Reglur um vinnusvæðamerkingar.
- Leiðslueigandi skal gæta yfstrustu varkárni í grennd við aðrar lagnir er kunna að vera á vinnusvæðinu og skal í einu og öllu fara eftir þeim ákvæðum sem um þær gilda.
- Leiðslueigandi skal kynna sér rækilega legu lagna sem kunna að vera á eða við vinnusvæðið, áður en framkvæmdir hefjast.
- Vegagerðin er ekki ábyrg fyrir tjóni sem þriðji aðili kynni að valda eða verða fyrir af völdum umræddra framkvæmda.
- Að framkvæmd lokinni skal frágangur vegsvæðis tekinn út af eftirlitsmanni Vegagerðarinnar. Sé frágangi ábótavant skal hann lagaður samkvæmt tilmælum eftirlits.
- Framkvæmdir á vegsvæði Vegagerðarinnar við lögnina skulu taka eins stuttan tíma og unnt er, frá byrjun framkvæmda á vegsvæði að lokun endanlegs frágangs.
- Tryggja þarf að ekki komi upp óþarfa tafir og lágmarka þar með óþægindi vegfarenda og á sama tíma verður að gæta fyllsta öryggis allra í hvívetna.
- Verði skemmdir á vegi eða vegbúnaði vegna framkvæmdanna þarf leyfishafi að lagfæra það í samráði við Vegagerðina.

Vegagerðin



10. Verði skemmdir á vegi eða vegbúnaði vegna framkvæmdanna þannig að hætta skapist af eða viðgerð sé ekki fullnægjandi getur Vegagerðin gert lagfæringar á kostnað leyfishafa. Sama á við um óhreinindi á vegi vegna framkvæmdanna.
11. Merkja þarf staðsetningu lagna með hælum, sérstaklega þegar farið er nálægt vegi eða lögn þverar veg.
12. Hafa skal samband við Vegagerðina áður en farið verður í framkvæmd þessa og skal ekki hefja verkið án samráðs við eftirlit Vegagerðarinnar. Ef breyta þarf verklagi eða lagnaleið, frá útgefnu leyfi, skal gera það í samráði við Vegagerðina. Eftirlitsmaður frá Vegagerðinni mun hafa eftirlit með verkinu af hálfu Vegagerðarinnar og skal haft samband við tengilið verkstjóra svæðis Ágúst Sigurjónsson í síma 522-1361.

Krafa er um að umsækjandi kynni sér „Reglur um leiðslur á vegsvæðum“, sjá á slóð <http://www.vegagerdin.is/thjonusta/leidslur-a-vegsvaedi/>.

Þegar taka þarf niður umferðarhraða eða loka vegum, sem er hámark 10 mínútur í senn, þá er gerð krafa um merkingar og fara skal eftir reglum um vinnusvæðamerkingar sem finna má á slóðinni: <http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/leidbeiningar-og-stadlar/vinnusvaedamerkingar/>

Síða 3/3

Ef leiðslueigandi telur ekki unnt að vinna verkið skv. skilyrðum þessum, skal haft samráð við verkstjóra svæðis Ágúst Sigurjónsson í síma 522-1361 varðandi aðrar lausnir.

Athylgi er vakin á að veghelgunarsvæði getur náð inn á land sveitarfélags og land í einkaeigu. Því er bent er á að það er á ábyrgð framkvæmdaraðila að fá önnur leyfi fyrir lögnum t.d. frá sveitarfélögum, landeigendum og öðrum sem við á hverju sinni.

Vegagerðin ítrekar að farið verði eftir skilyrðum þeim sem tekin eru fram í bréfinu!

Gildistími leyfis er til 30.09.2024.

Virðingarfyllt  
f.h. Vegagerðarinnar  
Rannveig María Jóhannesdóttir  
Landfræðingur  
Suðursvæði Vegagerðarinnar

Vegagerðin

Þetta skjal hefur verið samþykkt rafrænt



FEAL-1X26

FEAL-1X26

AY-1X53

AY-1X53

AY-1X53

AY-1X33

AY-1

Sótt

Sótt

Óddastólavegur

Elveranir

AY-1X53 ellesteðir

AY-1X53

Krókur

AXCEL-33

Hallanir

Langholt 1

Langholt 2

Langholtsparr

Langholt 3

Krosshóll

Míðholt

Ís-Ármót

Hallanir

AXCEL-33

AXCEL-33

Kur

Reykjavík, 29. febrúar 2024  
Tilvísun: 23080065

### Efni: Frumkvæðisathugun á reglum sveitarfélaga um stoð- og stuðningsþjónustu

Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála (GEV) sinnir eftirliti með gæðum þjónustu sem veitt er á grundvelli laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála nr. 88/2021 (lög um GEV). Samkvæmt 14. gr. laga um GEV hefur stofnunin að eigin frumkvæði eftirlit með gæðum þjónustu.

GEV hefur nú stofnað til frumkvæðisathugunar á reglum sveitarfélaga um stoð- og stuðningsþjónustu. Athugun þessi er eitt af fyrstu skrefum stofnunarinnar í að sinna ytra eftirliti með stoð- og stuðningsþjónustu sveitarfélaga. Mikilvægur þáttur í þessu fyrsta skrefi er að fá yfirsýn yfir stöðu uppfærslu reglna sveitarfélaga landsins.

#### Tilurð og markmið athugunar

Sveitarfélögum ber annars vegar að setja reglur um stuðningsþjónustu skv. lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaganna og hins vegar reglur um stoðþjónustu skv. lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar (RE) frá 2021 um innleiðingu og framkvæmd sveitarfélaga á lögum nr. 38/2018 var ein af niðurstöðunum að mörg sveitarfélög þyrftu að uppfæra reglur á grundvelli laganna. GEV telur þörf á að fylgja skýrslu RE eftir með athugun á stöðu uppfærslu reglnanna. Samhliða athugun á reglum um stoðþjónustu á grundvelli laga nr. 38/2018 var ákveðið að GEV myndi einnig kanna reglur sveitarfélaga um stuðningsþjónustu skv. VII. kafla laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Markmiðið með þessari frumkvæðisathugun GEV er að kanna stöðu á uppfærslu sveitarfélaga á stoð- og stuðningsþjónustureglum. Í framhaldinu mun stofnunin fylgja því eftir að sveitarfélög uppfæri eigin reglur, ef þess gerist þörf. Uppfærðar reglur eyða óvissu og renna styrkari stoðum undir þjónustuna og markmið laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Með vísan til 1. mgr. 15. gr. laga um GEV óskar stofnunin eftir að sveitarfélagið svari meðfylgjandi spurningalista rafrænt og skili sem viðhengi, ásamt öllum útgefnum reglum sveitarfélagsins um stoð- og stuðningsþjónustu. Það er ósk Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála að umbeðnar upplýsingar verði sendar stofnuninni eigi síðar en 22. mars næstkomandi á netfangið [svanhildur.thorsteinsdottir@gev.is](mailto:svanhildur.thorsteinsdottir@gev.is).

Leiðbeiningar við svörun spurningalista er að finna í viðhenginu en hafið endilega samband ef einhverjar spurningar vakna.

Virðingarfyllst,

f.h. Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála,

Svanhildur Þorsteinsdóttir, sérfræðingur í eftirlitsteymi

# Ársskýrsla stjórnar Umf. Þjótanda árið 2023

Aðalfundur Þjótanda var haldinn í Þingborg 6. febrúar 2023. Á fundinum var Skólahreystilið Flóaskóla valið „Íþróttamenn ársins“ og Markús Ívarsson var kjörinn „Félagi ársins“. Eftirfarandi voru kosnir í stjórn:

Fanney Ólafsdóttir formaður

Harpa Magnúsdóttir gjaldkeri

Sveinn Orri Einarsson ritari

Örvar Rafn Hlíðdal og Guðmunda Bríet Steindórsdóttir í varastjórn

Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir og Oddný Ása Ingjaldsdóttir í ritnefnd

Bryndís Eva Óskarsdóttir formaður íþróttanefndar

Freyja Kristín Guðjónsdóttir formaður skemmtinefndar

Aðrir í skemmtinefnd eru Hanna Dóra Höskuldsdóttir, Guðmunda Bríet Steindórsdóttir og Viðar Hrafn Víctorsson.

Í Einbúanefnd er Einar Magnússon.

Starfsemi Þjótanda var nokkuð viðamikil á árinu. Félagið hélt úti íþróttastarfi fyrir börn og ungmenni og stóð fyrir ýmsum heilsueflandi viðburðum og félagsstarfi.

Þjótandaæfingar fyrir allan grunnskólaaldur voru vikulega yfir vetrarmánuðina og er mikill meirihluti nemenda í Flóaskóla sem tekur þátt í þeim. Þjálfarar voru Örvar Rafn Hlíðdal, Guðmunda Bríet Steindórsdóttir og Hanna Dóra Höskuldsdóttir. Glímuæfingar voru í gangi hluta ársins en mæting var eitthvað minni en undanfarin ár. Þjálfarar voru Stefán Geirsson og Jón Gunnþór Þorsteinsson. Leikjanámskeið var í júní með um 40 þátttakendum, þá voru sumaræfingar fyrir krakka og leikjakvöld fyrir unglinga vikulega í sumar og var mjög góð þátttaka.

Félagið sendi keppendur á HSK mótin í frjálsum íþróttum bæði innan- og utanhúss og nokkrir keppendur tóku þátt í Meistaramótum Íslands og fleiri mótum. Við áttum nokkra keppendur á Norðurlandamóti öldunga sem var haldið í Reykjavík í febrúar og náði okkar fólk glæsilegum árangri þar og fyrstu Norðurlandameistararitlar félagsins komu í hús þegar Bryndís Eva Óskarsdóttir, Hildur Harðardóttir og Rúnar Hjálmarsson náðu öll í sigur.

Við lögðum gönguskíðabrautir alltaf þegar aðstæður leyfðu, ýmist á túninu við Hurðarbaksveg eða í nágrenni Félagslundar. Nokkuð margir nýta sér svæðin, bæði innan- og utansveitarfólk. Síðasti opnunardagur í vor var 1. maí sem var einstakt.

Við héldum fjölmennit páskabingó í mars sem skemmtinefndin sá um. Tveggja kvölda félagsvist var einnig í mars en mæting var dræm. Flóahlaupið fór fram í apríl við Félagslund. Um 60 manns tóku þátt, flestir af höfuðborgarsvæðinu eins og vant er. Víðavangshlaupið var haldið á Þjótarsárþökkum á sumardaginn fyrsta. Þátttaka var mjög góð enda veðrið frábært, 78 keppendur á öllum aldri. Í víðavangshlaupinu tókum við upp þá nýbreytni að endurnýta gamla verðlaunapeninga og þótti það mjög jákvætt. Fjör í Flóa var haldið í maí og var Þjótandi með fjölmenna kökuskreytingakeppni fyrir krakka, hjólarallý, pylsusölu og andlitsmálingu. Fjölmargir unglingar störfuðu fyrir félagið á Fjöri í Flóa og stóðu sig frábærlega.

Við héldum upp á 17. júní í frábæru veðri við Einbúa ásamt kvenfélögunum og Flóahreppi. Þar var Þjótandi með fótboltamót, skólahreystibraut og reiptog og heppnaðist dagurinn mjög vel.

Ungmennafélagsreiðtúrinn var farinn í júlí þar sem mættu 35 manns og riðu upp með Þjótarsá í mikilli blíðu. Sveinn Orri og Einar í Egilsstaðakoti voru fararstjórar í ár. Í júlí stóðum við fyrir tveimur dagsgönguferðum. Sú fyrri var fyrir fjölskyldur og var gengið kringum Ölkelduhjúk á Hellsheiði og komið við í heitu laugunum í Reykjadal. 33 mættu í gönguna og göngustjóri var Guðmunda Ólafsdóttir. Seinni ferðin var fyrir fullorðna og gengum við yfir Leggjabrjót, frá Þingvöllum yfir í

Hvalfjörð, í góðu veðri og enduðum í sjóböðunum í Hvammsvík. Oddný Ása Ingjaldsdóttir skipulagði gönguna og Sigmar Örn Aðalsteinsson keyrði rútuna. Frábærar ferðir báðar tvær. Fjölskyldur úr Þjótanda mættu vel á unglíngalandsmótið á Sauðárkróki og áttu þar góða helgi saman við leik og keppni. Nokkrir tóku þátt í starfsíþróttamóti HSK á Hellu í ágúst og kepptu þar í kökuskreytingum, fuglagreiningu og stafsetningu. Tveir glímumenn og einn fararstjóri fóru í keppnisferð til Englands í lok ágúst og kepptu þar í hryggspennu á nokkrum skemmtilegum mótum. Ferðin var styrkt af Þjótanda og Verkefnasjóði HSK.

Flóamótið fór fram á skólatíma 15. september og var metþátttaka og mikið fjör. Keppendur voru um 70 talsins og eftir mót var boðið upp á íspinna sem Kjörís gaf. Allir nýir nemendur í Flóaskóla sem vildu fengu Þjótandahúfu að gjöf í upphafi skólaársins. Við áttum í fyrsta sinn fulltrúa á ráðstefnunni „Ungt fólk og lýðræði“ sem var haldið á Reykjum í Hrutafirði í september. Fjögur ungmenni voru fulltrúar Þjótanda og Flóahrepps á ráðstefnunni. Menninganefnd Flóahrepps fékk okkur í lið með sér í lok september og haldið var Kornskurðarball í Félagslundu. Hljómsveitin Meginstreymi hélt uppi miklu fjöri en mæting var því miður lítil. Meistaramót Þjótanda í skák fór fram í nóvember í annað sinn. 14 keppendur mættu á mótið sem eru fleiri en í fyrra. Mótsstjóri var Ágúst Valgarð Ólafsson. Við sendum svo í fyrsta skipti í sögu félagsins sveit á Héraðsmót HSK í skák og verður vonandi framhald á því. Skötuveislan var fjölmenn á Þorláksmessu, um 160 manns mættu í Þingborg og gæddu sér á skötu. Jólasveinapjónustan okkar var svo á sínum stað á Þorláksmessu og aðfangadag og er alltaf vinsæl.

Í sumar festum við kaup á nýju „soundboksi“ sem er hátalari sem hægt er að nota á viðburðum utandyra. Þá var fjárfest í nýrri tegund af Þjótandabolum og þeir svo seldir á niðursettu verði. Urðu þeir strax mjög vinsælir. Einnig var keypt meira af Þjótandapeysum svo allir sem vilja geta verið vel merktir félaginu. Stjórnin fundaði 10 sinnum á árinu og er þess á milli í miklum samskiptum gegnum netið. Ritnefndin gaf út 12 tölublöð af Áveitunni, sem nú er alveg komin yfir á netið, en auðvelt er að kaupa áskrift á pappír og fá hana þá senda í pósti.

Á árinu fékk félagið nokkrar góðar peningagjafir frá velunnurum félagsins og er ómetanlegt að finna slíkan stuðning frá nærsamfélaginu. Félagið heldur nokkra fjáröflunarviðburði yfir árið og einnig erum við með samstarfssamning í gildi við Flóahrepp. Þá hefur heilmikið safnast undanfarið vegna sjálfbóðaliðastarfa félagsmanna á íþróttamótum og einnig eru tekjur Þjótanda af Lottóhagnaði íþróttahreyfingarinnar alltaf heldur að hækka. Allar íþróttæfingar Þjótanda og flestir viðburðir eru gjaldfrjálssir fyrir þátttakendur og markmiðið er að halda því þannig áfram. Það ætti að ganga upp meðan viljinn til að leggja fram sjálfbóðavinnu er til staðar.


Stjórn Þjótanda þakkar öllum sem hafa á árinu tekið þátt í starfi félagsins með einum eða öðrum hætti og sérstaklega þeim sem styrkt hafa félagið með sjálfbóðavinnu, fjármunum eða öðrum gjöfum. Þá viljum við senda góðar þakkir til stjórnenda Flóaskóla fyrir mikið og gott samstarf. Nú er að ljúka þeim tveimur árum sem ég tók að mér formennsku í félaginu og er komið að öðrum að taka við. Þau eru orðin mörg árin sem ég hef verið viðloðandi ungmennafélagsstarf og hafa þau öll verið jafn skemmtileg.

Þó félagið okkar sé ekki nema rúmlega 8 ára gamalt tel ég að nú þegar hafi myndast á það bæði rætur og vængir. Rætur sem að festa það í sessi, og vængir sem að hefja það til flugs.

Áfram Þjótandi!

Fanney Ólafsdóttir

# Ársskýrsla Seyruverkefnisins 2023.



Halldóra Hjörleifsdóttir  
Þjónustufulltrúi Seyruverkefnisins


## Verkefni ársins 2023

Um áramót breyttist starfsstöð þjónustufulltrúa þegar tekin var í gagnið skrifstofa í áhaldahúsi Hrunamannahrepps fyrir þjónustufulltrúann. Með því var starf þjónustufulltrúans meira tengt við Seyrustaði og móttöku og þrif þar en þjónustufulltrúinn sinnti því verkefni að mestu leiti á árinu. Bílstjórar sinntu einnig móttöku og þrifum á Seyrustöðum.

Mikil vinna hjá þjónustufulltrúa fór í að yfirfara skráningarkerfið, tengja rétt fasteignanúmer við rotþróarnúmer og skrá símanúmer eigenda við hverja rotþró. Búið er að vinna það að mestu aðeins eitt sveitarfélag sem ekki er búið, nú er því hægt að senda út sms með upplýsingum á öll skráð símanúmer í gegnum skráningarkerfið. Það kerfi heitir Skjóða og er í gegnum Loftmyndir.

Það þarf að huga vel að því að þær upplýsingar sem liggja bak við rotþróarnúmer þurfa að vera lifandi þar sem töluverð eigendaskipti eru á svæðinu.


Að öðru leiti fólst starf í grófum dráttum í að svara erindum frá rotþróareigendum, koma upplýsingum frá verkefninu á framfæri, skrásetja rotþrær, skoða



Kynning á verkefninu í Flúðaskóla.

aðstæður í tengslum við rotþrær, vinna gögn til uppgjors og reikningsgerðar, vinna kynningarefni, taka á móti hópum sem fengu kynningu á verkefninu, fara í skóla og kynna verkefnið, vinna að bættum aðgengismálum, samskipti við aðildarsveitarfélögin og samskipti við verktaka sem tengjast starfseminni og skipuleggja þeirra vinnu.

Heimsóknir hópa á Seyrustaði hafa verið nokkrar yfir árið. Mikill áhugi er að kynna sér verkefnið. Og hafa þeir hópar sem komið hafa í heimsókn haft farið mun fróðari heim.



Skólahópur úr Bláskógarskóla að kynna sér verkefnið.




Bláskógabyggð og Grímsnes-og Grafningshreppur hafa hafið vinnu að átaksverkefni í fráveitumálum við Þingvallavatn. Fundað var um það verkefni og kom þjónustufulltrúi að því verkefni.

Starfsmenn fóru, ásamt starfsmönnum áhaldahúsa í uppsveitunum, í veituferð í Borgarfjörðin og kynntu sér starfsemi veitna á því svæði. Ferðin var mjög góð og fróðleg.

Það var blautt vor og jarðvegur ansi mjúkur því var ekki hægt að hefja hreinsun á rotþróum að nokkru ráði fyrr en í lok maí. Haustið var gott og því var hægt að hreinsa til loka nóvember.

Hreinsitækni byrjaði aðeins um vorið en kom svo ekki aftur að hreinsa fyrr en liðið var á ágúst. Nauðsynlegt er að hafa einhver tímamörk í samningum við verktaka þannig að það sé tryggt að hreinsun geti átt sér stað. Það er ekki tryggt að það hausti vel og hægt sé að hreinsa fram að jólum.

Samið var við nýjan verktaka, Verkval á Akureyri og komu þeir og hreinsuðu 400 þrær. Það gerði það að verkum að tókst að hreinsa þær þrær sem fyrir lágu þetta árið. Þeir byrjuðuð 22.ágúst. Farið var í 2194 þrær í sumar þurfti að fara oft en einu sinni í sumar .



*Oft er erfitt að finna stúta á þróum vegna gróðurs.*

Helgast það af því að í sumum tilfellum þurfti að fara aftur í þró þar sem ekki var hægt að komast að, ekki aðgengi fyrir stóran bíl sökum gróðurs, slæmir mjóir vegir, of lítil hliðaop, læst hlið, of litlir stútar ofl.






Hér má sjá samantekt á fjölda þróa sem farið var í á árinu.


	Hreinsaðar	Óhreinsaðar	Aukahreinsun	Samtals þrær
Okkar bill	769	71	27	867
Hreinsitækni	653	59	182	894
Verkval	391	42	0	433
Samtals þrær	1813	172	209	2194

*Tölur yfir stöðu rotþróa á hreinsunarsvæði sem farið var yfir 2023*




Samtals komu 1.174.269 kg af efni í gegnum Seyrustaði árið 2023.

Hér má sjá kg skiptingu milli sveitarfélaga í magni seyru



Hér má sjá magntölur síðustu ára



### **Starfsmannamál.**

Starfsmenn við verkefnið eru þrír á meðan á hreinsun stendur en yfir vetrarmánuðina þegar ekki eru hreinsaðar þrær færast bílstjórnarnir inní starfsmannahóp áhaldahúss Hrunamannahrepps.

Starfsmenn hjá verkefninu þetta árið voru eftirtaldir:

Atli Geir Scheving í 100 % starfi á seyrubíl

Sveinn Jökull Sveinsson í 100% starfi frá 1.júní til 15.ágúst

Þórarinn Guðni Helgason 100% frá miðjum ágúst og til loka hreinsunar og var einnig í afleysingum í sumar.

Ingibjörn Öxndal hefur verið í veikindaleyfi frá byrjun febrúar.

Halldóra Hjörleifsdóttir 100% sem þjónustufulltrúi.



Áslaug Alda Þórarinsdóttir þjónustufulltrúi sagði upp störfum og kom því ekki til baka úr fæðingarorlofi.

Sumarstarfsmaður í áhaldahúsi Hrunamannahrepps fékkst til afleysinga á seyrubílinn og eitthvað í móttöku og þrif á Seyrustöðum.



### **Afrétturinn -Landgræðslusvæði.**

Farið var í vinnu með Landgræðslunni að skipuleggja betur dreifingarsvæði.

Byrjað var á nýju svæði sem er innar á afréttinum.

Huga þarf að því að lagfæra girðinguna og stækka hana til að fá meira dreifingarsvæði sem er gott yfirferðar.

Farið var í að dreifa þynnra lagi af seyru

og ekki var dreift fræi með í sumar til að skoða hvernig það muni koma út.




### **Kynningarefni.**

Verkefnið á heimasíðuna [www.seyra.is](http://www.seyra.is). Þar inni eru upplýsingar sem tengjast verkefninu og margs konar kynningarefni. Heimasíðan var endurbætt á árinu og var það Fjallaspuni ehf sem sá um þá vinnu.

Nýtt lógó var hannað og tekið í notkun. Anna Dagbjört Styrmsdóttir sá um þá hönnun.



**Seyra.is**



Verkefnið heldur úti fésbókarsíðu, hún er nýtt til að koma upplýsingum á

fljótlegan hátt til fólks. Það hefur reynst vel að nýta fésbókarsíðuna og greinilegt að einhverjir eru að fylgjast með upplýsingum sem koma fram þar. Gott er að geta deilt efni inn á síður aðildarsveitarfélaganna og íbúahópa þeirra á fésbókinni.

Flúðaskóli fékk styrk til að vinna verkefni er snýr að sjálfbærni, áburði, uppgræðslu og vatnsnotkun og vatnsnýtingu. Verkefnið er unnið í samvinnu við danskan skóla. Seyruverkefnið kemur einnig að þeirri samvinnu. Ein afurð verkefnisins eru upplýsingar og kynningarefni sem sett verða á nokkur tungumál. Þær upplýsingar verða settar á heimasíðuna okkar.

*Verkefnið fékk töluverða umfjöllun í fjölmiðlum á árinu.*



### **Lokaorð.**

Það hefur mikil áhrif á verkefnið hvernig veðurfarið er vor og haust. Þetta árið var seint hægt að byrja þar sem jarðvegur var mjög blautur og hélt ekki hreinsbílum við fengum hins vegar gott haust og hægt var að hreinsa fram í nóvember. Það er alveg ljóst að það verða að vera tveir meiraprófsbílstjórar á hreinsbílnum okkar til að hægt sé að láta bílinn ganga alla dag. Einnig þarf að vera aukamaður sem hægt er að húa í á bílinn og sinna Seyrustöðum.

Nú liggja fyrir breytingar tengdar verkefninu. Þær breytingar verða vonandi til að verkefnið haldi áfram að vaxa og dafna.

Höldum áfram að vera framsækin og stíga skref í átt til framtíðar með þróun á þessu mikilvæga samvinnu verkefninu okkar.





SVEITARSTJÓRN  
FLÓAHREPPS BOÐAR TIL

# ÍBÚAFUNDAR

FÉLAGSLUNDUR

UMRÆÐUEFNI

Úrgangsmál vegna landbúnaðar  
Endurskoðun aðalskipulags Flóahrepps  
Uppbygging við Flóaskóla  
Önnur mál

ÞRIÐJUDAGINN

26. mars 2024



KLUKKAN

20:00-22:00



 [www.floahreppur.is](http://www.floahreppur.is)

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Innviðaráðuneyti <irn@irn.is>  
**Sent:** fimmtudagur, 22. febrúar 2024 13:42  
**Subject:** Drög að borgarstefnu í samráðsgátt

Góðan dag

Ráðuneytið vekur athygli á því að drög að fyrstu borgarstefnu fyrir Ísland hafa verið birt í samráðsgátt stjórnvalda. Í drögum að borgarstefnu er lagður grunnur að umræðu um núverandi stöðu, lykilviðfangsefni og framtíðarsýn fyrir borgarsvæðin. Mikilvægt er að fá fram skoðanir og álit almennings og annarra hagaðila og eru því öll hvött til að kynna sér drögin og senda umsögn sína inn í samráðsgáttina.

Frestur til að skila umsögn er til og með 22. mars nk.

Sjá nánar:

- [Frétt á vef ráðuneytisins](#)
- [Drög að borgarstefnu í samráðsgátt](#)

F.h. ráðherra.



**Innviðaráðuneyti / Ministry of Infrastructure**  
Sölvhólgötu 7, 101 Reykjavík, Iceland  
Sími / Tel: (+354) 545 8200  
<http://www.irn.is> - [Fyrirvari/Disclaimer](#)



Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Þórdís Hadda Yngvadóttir <thordis.h.yngvadottir@althingi.is>  
**Sent:** miðvikudagur, 28. febrúar 2024 12:43  
**Subject:** Ný umsagnagátt tekin í notkun hjá Alþingi

Dags. 28. febrúar 2024

Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis

Ágæti viðtakandi

Alþingi opnaði nýja umsagnagátt í dag, miðvikudaginn 28. febrúar.

Umsagnagáttinni er ætlað að einfalda ferlið fyrir þau sem vilja senda inn umsagnir um þingmál sem eru í umfjöllun fastanefnda, tryggja betur öryggi gagna og rekjanleika auk þess sem birting verður skilvirkari. Umsagnaraðilar skrá sig inn í gáttina með rafrænum skilríkjum, velja þingmál af lista, skrá upplýsingar um umsagnaraðila, draga viðeigandi skjöl inn í gáttina og senda.

Allar umsagnir sem sendar eru til fastanefnda vegna þingmála eru birtar á vef undir viðkomandi máli og eru þar af leiðandi öllum opnar, sbr. [starfsreglur fastanefnda](#) sem forseti Alþingis hefur sett.

Öllum er frjálst að senda fastanefnd skriflega umsögn um þingmál. Fastanefndir senda að jafnaði öll þingmál sem þær hafa til umfjöllunar til umsagnar þeim aðilum er málin varða.

Umsagnarfrestur er venjulega tvær vikur en getur þó verið styttri eða lengri eftir aðstæðum. Hér er hægt að tengjast [umsagnagátt Alþingis](#) og á vef Alþingis má nálgast [leiðbeiningar um ritun umsagna](#).

Með kveðju,



Þórdís Yngvadóttir  
Sérfræðingur  
Nefnda- og greiningarsvið  
  
☎ 563 0500



**GRÆN SKREF**



## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Þórdís Hadda Yngvadóttir <thordis.h.yngvadottir@althingi.is>  
**Sent:** þriðjudagur, 13. febrúar 2024 13:56  
**Subject:** Til umsagnar 112. mál frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis

13. febrúar 2024

Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis sendir til umsagnar 112. mál – frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003 (greiðsla meðlags)

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist **eigi síðar en 27. febrúar nk.** á netfangið [nefnasvid@althingi.is](mailto:nefnasvid@althingi.is)

Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis.

Vakin er athygli á því að nefndastarf fastanefnda Alþingis er rafrænt. Óskað er eftir að umsagnir og erindi verði send á rafrænu formi.

Bent skal á að umsagnir og gögn um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls.

Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni <https://www.althingi.is/thingnefndir/viltu-senda-umsogn/leidbeiningar-um-umsagnir-um-thingmal/>

Kveðja,



Þórdís Yngvadóttir  
Sérfræðingur  
Stoðteymi  
Nefnda- og greiningarsvið

☎ 563 0500



GRÆN SKREF

Þessi tölvupóstur ásamt viðhengjum er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu upplýsingar í honum verið

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Halldóra Viðarsdóttir <halldora.vidarsdottir@althingi.is>  
**Sent:** föstudagur, 16. febrúar 2024 15:31  
**Subject:** Til umsagnar 115. mál frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis

16. febrúar 2024  
Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Velferðarnefnd Alþingis sendir til umsagnar 115. mál Búsetuöryggi í dvalar- og hjúkrunarrýmum.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist **eigi síðar en 1. mars nk.** á netfangið [nefnasvid@althingi.is](mailto:nefnasvid@althingi.is)

Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis.

Vakin er athygli á því að nefndastarf fastanefnda Alþingis er rafrænt. Óskað er eftir að umsagnir og erindi verði send á rafrænu formi.

Bent skal á að umsagnir og gögn um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls.

Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni

<https://www.althingi.is/thingnefndir/viltu-senda-umsogn/leidbeiningar-um-umsagnir-um-thingmal/>

Kveðja,



**Halldóra Viðarsdóttir**  
Sérfræðingur  
Stoðteymi  
Nefnda- og greiningarsvið

☎ 563 0500



**GRÆN SKREF**

*Þessi tölvupóstur ásamt viðhengjum er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu upplýsingar í honum verið bundnar trúnaði. Birting tölvupóstsins eða viðhengja, að hluta til eða í heild, er óheimil án samþykkis sendanda.*  
[Fyrirvari/Disclaimer](#)

*Þessi tölvupóstur ásamt viðhengjum er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu upplýsingar í honum verið bundnar trúnaði. Birting tölvupóstsins eða viðhengja, að hluta til eða í heild, er óheimil án samþykkis sendanda.*  
[Fyrirvari/Disclaimer](#)